

Sp.

515. Fyrirspurnir.

[208. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um jarðhitarannsóknir á Norðurlandi.

Frá Karli Kristjánssyni.

Hvað veldur því, að jarðbor sá, er ríkið keypti til jarðhitarannsókna á Norðurlandi, hefur enn ekki verið látinn taka til starfa?

Hvenær má vænta þess, að jarðborinn verði tekinn í not, og hvar verður hann látinn hefja starf?

II. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar varðandi flutning fólks frá Íslandi.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 27. marz 1961, þess efnis, að ríkisstjórnin láti gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 10 ár og rannsaka eftir föngum ástæður fyrir brottflutningnum?